

Kópavogsbær
Dignaresvegur 1
200 Kópavogi

Sent í tölvupósti á kopavogur@kopavogur.is

Reykjavík 21. september 2023

Efni: Beiðni um fjárframlag til Kvennaráðgjafarinnar fyrir rekstrarárið 2024.

Þess er hér með farið á leit að Kvennaráðgjöfinni, kt. 471085-0499, Túngötu 14 í Reykjavík, verði veittur styrkur að fjárhæð kr. 500.000.- fyrir rekstrarárið 2024 til að reka ókeypis lögfræði- og félagsráðgjöf fyrir konur.

Kvennaráðgjöfin tók til starfa í febrúar 1984 og hafa lengst af starfað við Kvennaráðgjöfina í sjálfboðaliðavinnu um 30 félagsráðgjafar og lögfræðingar, þ. á m. nemar á lokaárum í þessum greinum. Megintilgangur starfseminnar er að veita konum stuðning og ráðgjöf og er Kvennaráðgjöfin opin öllum, bæði konum og körlum, sem geta komið eða hringt. Þjónustan er endurgjaldlaus og þurfa þeir sem til okkar sækja ekki að gefa upp nafn eða aðrar persónulegar upplýsingar. Aðalstyrktaraðilar Kvennaráðgjafarinnar hafa verið ríki, Reykjavíkurborg og önnur sveitarfélög, en undanfarin ár hafa sveitarfélögin dregið mjög úr styrkveitingum til Kvennaráðgjafarinnar á sama tíma og aðsókn hefur aukist á þeim tímum sem greitt er fyrir ráðgjöfina. Auk þess hefur eftirspurn eftir ráðgjöf í gegnum tölvupóst og á netinu aukist á sama tíma og er því sinnt af launuðum starfskonum ráðgjafarinnar.

Aðsóknin að Kvennaráðgjöfinni hefur frá upphafi verið mikil og er það að sögn ekki síst hvað auðvelt er að leita til okkar, það þarf ekki að panta tíma eða skrá sig undir nafni og kennitölu vegna viðtals. Til Kvennaráðgjafarinnar hafa leitað allt að 400 á ári, en nú koma um 200-250 til okkar árlega eða hringja og er það bæði af höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni. Nánast öll vinna í Kvennaráðgjöfinni er veitt án endurgjalds, en tvær starfskonur sem sinna ráðgjöf á dagvinnutíma á fimmtudögum og rekstri eru í hlutastarfi í lágu starfshlutfalli. Helsti kostnaður við ráðgjöfina er vegna þess, svo og leigu- og símakostnaður, sbr. meðfylgjandi rekstraráætlun fyrir árið 2023.

Í Kvennaráðgjöfinni viljum við hjálpa aðilum sem eiga ekki tök á að greiða fyrir lögfræðiaðstoð og jafna þannig stöðu fólks úr ólíkum hópum samfélagsins, ekki síst þá sem hafa minna fé til ráðstöfunar.


Þá á Kvennaráðgjöfin aðild að Bjarkarhlíð, miðstöðvar fyrir þolendur ofbeldis, sem einn stofnaðili miðstöðvarinnar og sinnir lögfræðiráðgjöf þar einu sinni í viku ásamt Mannréttindaskrifstofu Íslands. Framkvæmdastjóri Kvennaráðgjafarinnar tekur jafnframt þátt í stjórn og framkvæmdarstjórn í Bjarmahlíð sem er miðstöð fyrir þolendur ofbeldis á Akureyri. Þá eru jafnframt ýmsar stofnanir hvaðanæva farnar að leita til okkar hvort sem þær vísa skjólstæðingum sínum til okkar eða biðji um almenna ráðgjöf fyrir hönd þeirra.

**Kvenna
ráðgjöfin**

Með vísan til ofangreinds er sótt um styrk að fjárhæð kr. 500.000.- til að greiða rekstrarkostnað Kvennaráðgjafarinnar á þessu ári. Tekið skal fram að Kvennaráðgjöfin nýtur ekki styrkja frá fyrirtækjum eða öðrum aðilum en áður er getið, og getur því ekki haldið áfram starfsemi ef ekki kemur til styrkur frá opinberum aðilum eins og undanfarið.

Með fyrirfram þökk og von um jákvæð viðbrögð.

F.h. Kvennaráðgjafarinnar,
virðingarfyllst


Eyrún Inga Þorbjörnsdóttir